



## **181. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 28. okt. 2014 kl. 09:30.**

Mætt: Eydís Þ. Indriðadóttir, Halldóra Íris Magnúsdóttir (fulltrúi nemenda), Haraldur Eiríksson, Jón Hjartarson, Jón G. Valgeirsson, Kristjana Hrund Bárðardóttir (mætti á fundinn í stað Sigursveins), Olga Lísía Garðarsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir, Sigprúður Jónsdóttir, Þorvaldur H Gunnarsson (fulltrúi foreldra) og Þórarinn Ingólfsson.

Sandra formaður skólanefndar setti fundinn og síðan var gengið til dagskrár.

### **Dagskrá:**

#### **1. Fundargerð fundar frá 9. sept. sl.**

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð án athugasemda.

#### **2. Skýrsla fjármálastjóra – Haraldur Eiríksson**

Haraldur fjármálastjóri gerði grein fyrir stöðu fjármála miðað við áætlun skólans og kom fram í máli hans að staðan væri ekki alveg nægilega góð.

#### **3. Heimsókn áfangastjóra – Vinna við námskrá – staðan – Ægir Sigurðsson**

Ægir Sigurðsson sagði frá stöðu mála við námskrárgerð og hver staðan væri varðandi framhaldið. Stefnt er að ný námskrá taki gildi haustið 2015. Með nýrri námskrá er stefnt að ákveðinni breytingu á kjarna brauta sem og að val verði aukið. Rætt var um að aukið val kallaði á aukna ráðgjöf gagnvart nemendum. Umræða varð um þessa breytingu og voru skiptar skoðanir varðandi innihaldið. Áfangastjóri kynnti einnig hugmynd að styttri brautum (framhaldsskólabrautum).

#### **4. Heimsókn verkefnisstjóra SKOH – Forvarnarstefna FSu – Guðfinna Gunnarsdóttir**

Skólameistari fór yfir aðdraganda að forvarnarstefnu framhaldsskólanna. Guðfinna sagði frá hvernig forvarnarstefnan væri hjá okkur hér í FSu. Hún lagði meðal annars áherslu á að góður skólabragur væri mikilvægur til þess að fólki liði vel í skólanum. Guðfinna fór einnig yfir hvað verið er að gera í tengslum við SKOH (skólinn í okkar höndum). Hugmynd kom fram að nemendur ættu fulltrúa í stýrihópi SKOH.

### **5. Önnur mál:**

#### **A. Fréttir af viðbyggingu – Olga Lísía**

Fullnaðarhönnun er nánast lokið og er reiknað með útboði í byrjun næsta árs. Allt gengur samkvæmt áætlun.



## **B. Skimun gegn brotthvarfi – Olga Lía**

Átján framhaldsskólar eru þátttakendur í þessu verkefni þar sem allir nýnemar eru teknir í ákveðna skönnun þar sem reynt er að gera sér grein fyrir stöðu hvers einstaklings og hættu á brotthvarfi.

**Önnur mál voru ekki tekin fyrir.**

Næsti fundur er fyrirhugaður 20. janúar kl. 09:30

Fundi slitið kl. 11:06  
Fundarritari,  
Þórarinn Ingólfsson